

Hafnarhittingur

*Þriðjudaginn 16. janúar
frá 17:00-20:00 í Heppuskóla og
íþróttahúsinu.*



Þar verður eitthvað að gera fyrir alla, zumba, fjölskylduhóppjálfun, blak, breakout, forritun, föndur, jóga, spil, tafl, djammsession, barnagæsla, þrjón og notalegheit, föndur, sund, þvottaefnisgerð, lúðrasveit og svo allt annað sem ykkur dettur í hug.

Svo verður að sjálfsögðu hægt borða kvöldmat á staðnum, skráning í mat fyrir 18:00.

Börn yngri en 12 ára komi vinsamlegast með fullorðnum.

Tilvalið tækifæri til að sinna áhugamálum eða eignast ný og hitta fólk og hafa gaman.



Markmiðið með Hafnarhittingi er að;

Styrkja fjölskylduna, styrkja félagsleg tengsl og styrkja bæinn okkar.

Með opnu húsi viljum við bjóða nýtt fólk velkomið í bæinn en ýta líka undir að þeir sem hafa búið hér lengi geti kynnst nýju fólki.


Við hlökkum til að sjá ykkur 😊

Nemendur og starfsfólk Grunnskóla Hornafjarðar

Dagskrá á Hafnarhittingi

Þeir sem vilja borða skrá sig í mat fyrir 18:00 – Boðið verður upp á hakk og spaghetti og verðið er 500 kr. á mann. Endilega skrifið líka í gestabókina okkar.

Íþróttahús



17:10 – 18:00 – Zumba með Írisi í hálfum íþróttasalnum, leikir hinu megin.

18:10 – 19:00 – Fjölskyldurþrek með Kollu í hálfum íþróttasalnum, leikir hinu megin.

19:10 – 20:00 – Blak. Allir leika sér í blaki.

Frítt í sund frá 19:00

Heppuskóli

Stofa 1. Breakout - Geturðu brotist út ef þú lokast inni? Skemmtilegur leikur sem krefst samvinnu og hugmyndaríkis.

Stofa 2. Forritun er leikur – komdu og prófaðu að forrita spherokúlurnar .

Stofa 3. Jóga kl. 18:00 – Vinsamlegast takið dýnur teppi og kodda með ykkur.

Stofa 4. Tafl og Bridge – hægt að grípa í hverskonar spil, fín æfing fyrir þorablótsröðina.

Stofa 5. Bein útsending á Ísland – Serbía – búum til stemningu

Námsver 1. Norakerfið – kynning á Norakerfinu

Stofa 6. Djammssession. Komdu með hljóðfærið þitt og vertu með. Trommusett á staðnum.

Stofa 7. Barnahornið – þar geta litlu börnin leikið sér saman og gæsla verður á staðnum.

Stofa 8. Föndurstofan, nú er það endurvinnsla á allskonar efni.



Neðri hæð miðrými - Þvottaefnisgerð - viltu læra að búa til þitt eigið þvottaefni? Komdu með 500 kr og eitt sápuþykki og við kennum þér. Einnig verða kynningar á taubleijum og taubindum.

Efri hæð miðrými – Lúðrasveit og fleira



Bókasafnið í Heppuskóla, þrjónahornið, nýjar bækur liggja frammi, púsl og fleira

Eldhúsið í Heppuskóla – matur á kostnaðarverði frá 18:30 – 19:30. Borðsett fyrir framan stofuna og á opna svæðinu á efri hæð.

(með fyrirvara um breytingar)

